


UST

Skipulagsstofnun
Matthildur Kr. Elmarsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
15 - 108 Reykjavík, Iceland
T +354 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

25. maí 2004

Tilvísun: UST20040500081/óá

Aðalskipulag Ölfuss 2002-2014

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 12. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um stefnu sveitarfélagsins Ölfuss um virkjun í mynni Grændals sem kynnt er í tillögu að aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við hugmyndir um staðsetningu hola og mannvirkja í námunda við gamlar borholur undir Rjúpnabrekum og við mynni Grændals inn af Hveragerði. Hins vegar er sá fyrivari settur við fyrirhugaðar framkvæmdir að umfjöllun um framkvæmdina í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum leiði í ljós að nýtingin hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif m.a. á jarðhitavirkni eða verndargildi í Grændals og Reykjadals, hið sérstæða lífríki Varmár eða hljóðvist og loftgæði.

Benda má á að svæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá, *Hengilssvæðið* (nr. 752), og Varmá er jafnframt á náttúruminjaskrá (*Varmá og Ölfusforir* nr. 751). Þessi svæði eru ekki afmörkuð á skipulagsuppdrætti sem ber heitið **Hvammshringur og næsta nágrenni**. Svæði á náttúruminjaskrá ber að afmarka á skipulagsuppdrætti sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Virðingarfyllst,



Olafur Arnason



Helgi Jansson